

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

53. fundur Stjórnar BS bs. haldin fimmtudaginn 22. desember 2020

kl. 17:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 29, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

### Fundargerð.

#### Formaður setur fundinn.

1. Staða framkvæmda og skil verktaka.

- Stjórnarformaður fór yfir stöðu framkvæmda við byggingu BS bs. við Flugvelli 29 og væntanleg skil verktaka. Viðræður við verktaka munu halda áfram á nýju ári og endanleg skil í lok janúar.

2. Staða fjármála.

- Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu fjármála en flestir rekstrarliðir eru skv. áætlun en launaliður er töluvert yfir áætlun vegna nýrra launasamninga.

3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020.

- Viðaukar lagðir fram og samþykktir.

4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

#### ***Endurnýjaður samningur við LHG:***

- BS bs. er í viðræðum við Landhelgisgæslu Íslands um nýjan og útvíkkaðan samstarfssamning.
- Gert er ráð fyrir að við munum sjá um og halda æfingar við ratsjárstöðvar í samráði við slökkviliðsstjóra sem hafa ratsjárstöðvar á sínu starfssvæði. Haldin verður ein æfing á ári á hverjum stað fyrir sig sem við munum skipuleggja æfingarnar í samráði við slökkviliðsstjórana og keyra æfingarnar með þeim. Einhver afturkippur virðist vera komin í útvíkkun á þessum samningi og við eigum eftir að sjá hver niðurstaðan verður, í öllu falli munum við endurnýja núverandi samning.
- Drög að samningi verður lagður fram fljótlega til stjórnar til samþykktar.

## **Covid 19:**

- Smit á starfssvæði BS bs. hefur aukist og komið hafa upp smit í leik og grunnskólum. Hefur þetta leitt af sér að einhverjir foreldrar barna í viðkomandi skólum hafa þurft að vera í sóttkvi og höfum við ekki farið varhluta af þessu ástandi.
- Við höfum sent til HSS nafnalista starfsmanna BS bs. sem eru í forgangshópi þeirra sem verða bólusettir fyrst.
- Þegar bólusetning hefst þá munum við þurfa að koma að þeirri aðgerð með einhverjum hætti, ekki er á þessari stundu alveg ljóst hvernig en a.m.k þurfum við að vera með sjúkrabíl á staðnum.

## **Nýjir starfsmenn í Grindavík:**

- Ég hlakka til að taka á móti nýjum starfsmönnum um áramótin.
- Búið er að gera ráðningasamninga við starfsmenn HSS sem sinna sjúkraflutningum í Grindavík og verða þeir okkar starfsmenn um áramót.
- Við erum að fá í okkar raðir góða starfsmenn sem munu nýtast okkur vel á öllu starfssvæði BS bs.

## 5. Önnur mál.

Gjaldskrá. Stjórn samþykkir að gjaldskrá verði hækkuð um 2,5%.

**Fundi slitið kl. 18:20**